# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1903-1908

## Aðfnr. 2227, örk 7


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

6/11

Lög um bæjargjöld í Reykjavík frá 19. októb. 1877 gefa bæjarsjóði í árstekjur 5000 Kr. af byggðri lóð og fast að 2500 Kr. af óbyggðri, og er það sem næst 1/7 hluti af tekjum bæjarins. Tekjur af þessum stofnum vaxa hvergi nærri móts við þarfir, þrátt fyrir allar byggingarnar hafa lóðargjöldin 10 síðustu árin eigi stigið nema 50%, en aukaútsvarið hátt upp í 120%.

Í meðferð bæjargjaldafrumvarpsins á alþingi 1877 var því hreift að virðingarverð væri réttlátari gjaldstofn en flatarmál, og fróðasti maður þingsins í skattamálum, síra Arnljótur Ólafsson, benti á, að „hússtæðisskattur“ væri að ganga úr gildi í öðrum löndum, en það hreif ekki; dönsku fyrirmyndinni var haldið, og ekki hefir þótt hér ástæða að taka upp ákvæðin dönsku að láta flatarmálsgjaldið vera af feralin í hverju gólfi hæðarinnar, sem er til mikils jafnaðar ekki búist við marglyftum húsum og um óbyggðu lóðirnar stóð ómótmælt það álit landshöfðingja „að eigi sé neinn verulegur munur á verði lóðanna eftir því hvar þær liggja og til hvers þær eru notaðar“, og því óþarfi að leggja gjald á þær eftir virðingarverði.

Það mun nú enn betur viðurkent en var fyrir 25

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

árum, að flatarmálsgjaldstofninn er óheppilegur og nú er kominn hér fram ákaflega mikill verðmunur á lóðum, og háu og dýru húsunum fjölgar nú stórum.

Þetta væri nóg fyrir sig til að fá lagabreyting til meiri jafnaðar: prósentugjald af virðingarverði í stað flatarmálsgjalds, en það skiftir þó enn meiru, að bærinn þarf að koma árstekjum sínum, mun betur en nú á sér stað, yfir á fastan gjaldstofn, vanhaldalausan. Komi hér örðugir tímar, er ekki skemtilegt að eiga rétt alt undir aukaútsvarinu. Beri maður Reykjavík saman við dönsku kaupstaðina, er niðurjöfnunargjaldið hjá oss langtum stærri hluti af árstekjunum en þar á sér stað.

Eg hygg að svo langt mætti fara að sem næst hálfar árstekjur bæjarins fengjust af þessum föstu gjaldstofnum. Setjum nú bæjarþarfirnar 60,000 kr. á ári. Húsavirðing hér er um 4 miljónir króna, 5 af þúsundi gefi þá af sér 20,000 kr. Hvað lóðir kunna að verða metnar er ekki gott að segja, ekki fjarri sanni að setja feralin upp og ofan 40 a., og álnatalan er 1 miljón, verð allra lóða þá 400,000 kr. Til þess að fá 10,000 kr. af þeim gjaldstofni þyrfti að taka 2½% af virðingarverði. Hlutfallinu er í þessu dæmi haldið eins og það nú er, tekjur af húsum hálfu meiri en af lóðum, en auðvitað mætti breyta því. Reyndar er á það að líta, fyrir utan mönnum sé slíkt gjald af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lóðum af skatt, að þær eru upphaflega gefnar. Í útjaðra-
-lóðum, sem fátækir menn eru að yrkja, yrði gjaldið
að kalla hið ~~[illegible]~~ ~~sama og~~ nú, verði ferfaðmurinn ekki virtur
yfir 1 Krónu. Að sjálfsögðu þyrfti að virða lóðirnar
upp á vissra ára fresti og setja reglur fyrir réttláti virðingu.

Slík breyting sem þessi lagast bezt í hendi
með því að gjöra ekki stökkið of stórt í einu, og
það verður með því að lögin heimili tilfærilegt
prósentugjald, segi fyrir um hvað það megi vera
minst og mest, og bæjarstjórnin færi sig til með
gjaldið innan þeirra takmarka, eftir reynslunni
og þörfinni. Tilfærilegt lóðargjald á sér nú
stað á Ísafirði og Seyðisfirði, og í frumvarpinu
sem var fyrir þinginu 1901 um breytingu bæjargjalda
í Reykjavík var farið fram á slíkt, en þar var
haldið flatarmálsgjaldinu gamla, enda var
frumvarpið felt. Slíkt frumvarp sem hér ræðir
um, gæti varla mætt neinni mótspyrnu á þinginu.

Eg tel heppilegt að hreifa nú þessari breyting bæjar-
gjaldanna, þar sem tíminn er nægur að ræða þetta mál vand-
-lega fyrir næsta þing, bæði innan bæjarstjórnar og
utan, og þar sem mikill meiri hluti bæjarfulltrúa verður
kosinn í bæjarstjórnina í byrjun næsta árs, hafa bæjarbúar
einmitt nú hið bezta tækifæri til að koma skoðunum sínum
að í þessu máli.

Reykjavík 5. nóvember 1902.

Björn Bjarnarson.

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vér höfum að fyrirmælum bæjarstjórnarinnar íhugað tillögur þær, sem fram komu á fundi 6. f. m., um breytingu á bæjargjöldum í Reykjavík, og látum nú uppi álit vort um málið.

Tillögurnar fóru í þá átt, að breyta lóðargjaldi af byggðri og óbyggðri lóð í hundraðsgjald af húsum og lóðum eftir virðingarverði, og ætti með því að vinnast það tvent, að sá hluti bæjargjaldsins kæmi sanngjarnar niður, en nú á sér stað, og líka hitt, að með því að hafa gjaldið færanlegt, þá mætti með tímanum, ef breytingin gefist vel, fá á þann hátt inn svo verulegan hluta af nauðsynlegum árstekjum bæjarins, að auka útsvarið færðist að sama skapi verulega niður.

Nefndin álítur að breyting á lögum um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað, frá 19. okt. 1877, sé í fylsta máta orðin tímabær, og hún er einhuga á því, að flatarmálsgjaldið sé úrelt og ranglátt; en hitt vill hún ekki taka upp úr tillögunni, að fá með væntanlegri breytingu verulega færslu á árstekjum bæjarins frá niðurjöfnun til fasteigna.

Þessu vill nefndin koma svo fyrir, að úr lögum sé numið gjaldið af byggðri lóð, sem sérstakt gjald, en að tekið sé eitt og sama árgjald af lóðum bæjarins, jafnt byggðum sem óbyggðum, eftir virðingarverði þeirra, og að gjaldið sé fastákveðið með lögum, einn af hverju hundraði virðingarverðsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Óbygð lóð bæjarins er eftir síðustu fjárhagsáætlun um 1 millj. fer-álnir, en bygð um 165,000. Nú er til bygð lóð í eignar- og erfðafestulöndum, þar sem engin óbygð lóð fylgir húsunum, og þar álítur nefndin að taka verði lóðargjald ekki einungis af hússtæðinu, heldur og af annari lóð, sem út yrði lögð úr landinu, jafnstórri sjálfri húslóðinni upphaflega, og eykur þetta nokkuð álnafjöldann. Setji maður nú verð hverrar ferálnar upp og ofan um 60 aura, sem nefndin álítur ekki of hátt, þá yrði lóðargjaldið alt hið sama fyrir bæinn eins og nú stendur.

Breytingin verður til hækkunar í miðbænum, allra helst hjá þeim, er tiltölulega eiga mikið af óbygðri lóð hentugri til hússtæða. Í ytri hlutum bæjarins, altént sumum þeirra, lækkar lóðargjaldið, en eins og við er að búast, þar sem aðalupphæð gjaldsins breytist varla að mun, þá verður munurinn óverulegur hjá miklum þorra bæjarmanna.

Markmið nefndarinnar er að fá með þessari breytingu stórum réttlátara lóðargjald en nú á sér stað, en auk þess býst nefndin við, að breytingin muni innan langs tíma færa bæjarsjóði nokkrar auknar tekjur, haldi lóðirnar áfram að stíga í verði, sem alt útlit er fyrir. Síðan 1890 hafa lóðirnar alls hækkað um helming, en stórum meira stigið í verði. Bæjarfélaginu má líkja við landsdrottinn, sem beinlínis og óbeinlínis gefur lóðarábylinu þetta stígandi verðmæti, og ekkert er sjálfsagðara, en að félagið fái jafnhliða vaxandi tekjur af því. Þetta verður með því að virða upp lóðirnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og það alltítt, og leggur nefndin til að ný virðing fari fram 3. hvert ár.

Það segir sig sjálft að sérlega vel verður að vanda til virðinganna, og setja fastar reglur fyrir henni, því að mjög margs er þar að gæta.

Þá leggur nefndin til að tekin sé upp sala á lóðum sem bæjarstjórn útvísar framvegis. Geti slíkt gjörst án laga, ætti það að byrja frá næsta nýári. Slík lóðarsala er mál fyrir sig, en sérstaklega verður hún ómissandi og í alla staði réttlát, ef breyting sú kemst á að lóðargjaldið færist niður í ytri hlutum bæjarins. Nú gengur stór mikið af vegafé bæjarins til þess að hafa nokkurn veginn við hinni miklu útþenslu. Lóðarsalan ætti að gefa vel fyrir því, og enda svo að vera mætti árinu á undan með vegina; og væri því betri kostur á að sinna að verulegum umbótum í miðbænum, sem hann fær því og mikla sanngirniskröfu á, hækki þar lóðargjaldið.

Nefndin kemur eigi fram með frumvarp að sinni, enda minst að orðfæra það, er niðurstaða er fengin. Svo er það og, að nefndin hefir í ráði í framhaldsáliti eftir nýárið að koma með tillögur um nýtt fyrirkomulag á niðurjöfnun útsvara, og kemur því allt bæjargjaldamálið á dagskrá í heild sinni.

Rök og skýringar frekar geymir nefndin umræðunum.

Reykjavík 16. des. 1902.

Þórh. Bjarnarson. Sighvatur Bjarnason. G. Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undirritaðir bæjarfulltrúar æskja, að neðanrituð ákvörðun verði tekin á dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar:

Bæjarstjórnin ákveður, að ákvæðum 2. greinar í opnu bréfi 29. maí 1839 um stofnun byggingarnefndar í Reykjavík sé beitt frá 1. Júlí 1904 við allar útmælingar þær, er framkvæmdar hafa verið samkvæmt fyrirmælum þess, þannig að þau útmældu pláss, er eigi hafa verið afgirt og nýtt innan tveggja ára frá útmælingunni, séu aftur látin tilfalla kaupstaðnum og feld burtu úr lóðargjaldsskránni.

Þá er sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur bæjarstjórn veitt undanþágu frá þessari reglu, ef byggingarnefnd mælir með því ~~og ekki eru liðnir meira en 30 mánuðir frá útmælingunni~~ )

Reykjavík 5. apríl 1904.

Halldór Jónsson Sighvatur Bjarnason Kristján Jónsson

Til Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Frumvarp til laga

um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur.

1. gr.

Jarðirnar Bústaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur frá fardögum 1906.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer svo mikið af skuldum og ómagabyrði Seltjarnarneshrepps, sem svarar lausafjártíundum og aukaútsvörum frá þessum jörðum eptir meðaltali áranna 1901–1906 að rjettri tiltölu við meðaltal lausafjártíunda og aukaútsvara hreppsins á sama tímabili.–

NB: Sýslufundur Kjósarsýslu verður 14. apríl.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## I. kjördæmi.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ánanaust | 53 |
| 2. | Bakkastígur | 109 |
| 3. | Bráðræðisholt | 99 |
| 4. | Brekkustígur | 26 |
| 5. | Bræðraborgarstígur (Kaplaskjólsvegur) | 350 |
| 6. | Brattagata | 20 |
| 7. | Fischerssund | 25 |
| 8. | Framnesvegur | 156 |
| 9. | Garðastræti | 64 |
| 10. | Garðbæjarstígur | 78 |
| 11. | Grandagata | 34 |
| 12. | Grímsstaðaholt | 65 |
| 13. | Grjótagata | 60 |
| 14. | Holtsgata | 58 |
| 15. | Kaplaskjól | 69 |
| 16. | Mjóstræti | 57 |
| 17. | Norðurstígur | 26 |
| 18. | Nýlendugata | 130 |
| 19. | Sellandsstígur | 21 |
| 20. | Skrifarastræti | 22 |
| 21. | Stýrimannastígur | 19 |
| 22. | Suðurgata (að vestanv.) | 134 |
| 23. | Túngata | 47 |
| 24. | Vesturgata | 717 |
| | | 2439 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# II. kjördæmi.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Aðalstræti | 156 |
| 2. | Amtmannsstígur | 22 |
| 3. | Austurstræti | 111 |
| 4. | Bankastræti | 49 |
| 5. | Bergstaðastræti sunnan Skólav: stígs | 413 |
| 6. | Bókhlöðustígur | 131 |
| 7. | Grundarstígur | 66 |
| 8. | Hafnarstræti | 69 |
| 9. | Ingólfsstræti | 109 |
| 10. | Kirkjustræti | 88 |
| 11. | Laufásvegur | 165 |
| 12. | Lækjargata | 98 |
| 13. | Pósthússtræti | 100 |
| 14. | Skólastræti | 51 |
| 15. | Skólavörðustígur | 263 |
| 16. | Spítalastígur | 85 |
| 17. | Suðurgata (að austanverðu) | 56 |
| 18. | Thorvaldsensstræti | 28 |
| 19. | Tjarnargata | 48 |
| 20. | Vonarstræti | 16 |
| 21. | Vallarstræti | 8 |
| 22. | Veltusund | 40 |
| 23. | Þingholtsstræti | 250 |
| | | = 2422 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# III. Kjördæmi.

| | |
|---|---|
| 1. Baronsstígur - - - - - - - - - | 18 |
| 2. Bergsstaðastræti (norðan Skólavörðustígs) | 32 |
| 3. Frakkastígur - - - - - - - - | 38 |
| 4. Grettisgata - - - - - - - - - | 158 |
| 5. Hverfisgata - - - - - - - - | 327 |
| 6. Klapparstígur - - - - - - - | 249 |
| 7. Laugavegur - - - - - - - | 1156 |
| 8. Lindargata - - - - - - - - | 372 |
| 9. Smiðjustígur - - - - - - - | 90 |
| 10. Vatnsstígur - - - - - - - | 70 |
| | ÷ 2510 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skírsla

Yfir meðgjöf með þurfamönnum í Seltjarnarneshreppi í fardögum 1905

| | | aldur | kr | au | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Guðrún Sigurðardóttir . . | Óskilg | 11. | 70 | " | frammfærslu hr. móðurinnar Guðrúnar Sæmundsdóttir |
| 2 Jóhann Eiríksson . . . | —"— | 11 | 60 | " | fæðingar —"— —"— Guðrúnar Þorsteinsdóttir |
| 3. Eyjólfur Markús Grímsson | Skilg: | 10 | 65 | " | —"— —"— föðursins Gríms Gunnlaugssonar |
| 4. Jónína Þórhalladóttir . . | Óskilg: | 13 | 60 | " | —"— —"— móðurinnar Pálínu Jónsdóttir |
| 5. Kristinn Ottó Guðmundsson | —"— | 5 | 80 | " | —"— —"— —"— Evfemíu Klemensdóttir |
| 6. Vilhelmína Tómásdóttir . . . | —"— | 6 | 60 | " | —"— —"— —"— Ragnheiðar Steindórsdóttir |
| 7. Lilja Sveinsdóttir . . | —"— | 7 | 60 | " | —"— —"— —"— —"— —"— |
| 8. Margrjet Þ. Grímsdóttir . . | Skilg: | 10 | 60 | " | frammfærslu hr móðurinnar Theódóru Guðmundsdóttir |
| 9. Málfríður M. Jósteinsdóttir | Óskilg: | 8 | 60 | " | —"— — —"— —"— —"— |
| 10. Guðrún Guðbrandsdóttir . . | —"— | 2 | 80 | " | fæðingar hr móðurinnar Evfemíu Klemensdóttir |
| 11. Ágúst Jónsson . . . | —"— | 2. | 80 | " | —"— — —"— Ólafar Hinriksdóttir |
| 12. Karl V. Guðbrandsson | Skilg: | 1 | 80 | " | frammfærslu hr. föðurins Guðbrandar Jónssonar |
| 13. Bergétta —"— dóttir | —"— | 2 | 75 | " | —"— — —"— —"— —"— |
| 14. Óskar —"— son | —"— | 4. | 70 | " | —"— — —"— —"— —"— |
| 15. Ingibjörg Jónsdóttir . . | Óskilg | 1 | 18 | 13. | fæðingar hr: móðurinnar Ólafar Hinriksdóttir |
| 16. Anna Þorleifsdóttir . . | | 76 | 60 | .. | fæðingar hr: |
| 17. Magnús Guðmundsson | | 66 | 140 | .. | frammfærslu hr: |
| 18. Guðrún Sigurðardóttir | | 73 | 50 | .. | fæðingar hr: |
| 19. Steingrímur Oddsson | | 68 | 40 | .. | —"— —"— |
| 20. Kristín Pjetursdóttir . . | | 70 | 60 | .. | frammfærslu hr: |
| 21. Sigríður Ólafsdóttir . . | | 54. | 8 | " | —"— —"— manns hennar Gríms Gunnlaugssonar |
| 22 Eyjólfur Símonarson . . | | 55 | 50. | " | fæðingar hr: |
| 23. Magnús Harðarson . . | | 48 | 30 | " | —"— —"— |
| 24. Steinunn Skram . . . | | 68 | 34 | oo | frammfærslu hr: manns hennar Jóns Oddsonar |
| 25 Jón Guðmundsson . . . | | 35 | 36 | 27. | fæðingar hr: |
| 26 Guðný Einarsdóttir . . | | 34. | 384 | 78 | —"— —"— umgangs ómagi |
| 27. Ólöf Hinriksdóttir . . . | | 31. | 79 | oo | —"— —"— |
| | kr | .. | 1950 | 18 | |
| Innborgaðar | — | | 169 | 27. | |
| Verða þá eptir . . | kr | | 1780 | 91. | 27 hluti af 1780 kr 91 au eru kr. 65.96. |
| Refaveiða kostnaður sama ár | | kr | 22 | 88 | |
| Rjettar bigging í Ölvisrjett | | — | 24 | oo | |
| Samtals . . | | kr | 46 | 88. | 1/3 hluti af 46 kr 88 au — kr 15,63. |
| | | | | | Samtals kr 81. 59. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skírsla

## yfir meðlög með þurfamönnum í Seltjarnarneshreppi í fardögum 1906.

| | | aldur | kr | au | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Guðrún Sigurðardóttir | Óskilg | 12. | 70. | .. | frammfærslu hr: móðurinnar Guðrúnar Sæmundsdóttir |
| 2 Jóhann Eiríksson | —"— | 12 | 60 | .. | fæðingar —"— —"— Guðrúnar Þorsteinsdóttir |
| 3. Eijólfur M. Grímsson | Skilg: | 11. | 65 | .. | —"— —"— föðurins Gríms Gunnlaugssonar |
| 4. Kristinn Ottó Guðmundsson | Óskilg | 6 | 80 | .. | —"— —"— móðurinnar Evfemía Klemensdóttir |
| 5. Vilhelmina Tómasdóttir | —"— | 7 | 60 | .. | —"— —"— —"— Ragnheiðar Steindórsdóttir |
| 6. Lilja Sveinsdóttir | —"— | 8 | 60 | .. | —"— —"— —"— —"— |
| 7. Margrjet Þ. Grímsdóttir | Skilg: | 11 | 60 | .. | frammfærslu hr. —"— Theódóru Guðmundsdóttir |
| 8 Málfríður M. Jósteinsdóttir | Óskilg: | 9. | 60 | .. | —"— —"— —"— —"— —"— |
| 9. Guðrún Guðbrandsdóttir | —"— | 3. | 80 | .. | fæðingar hr —"— Evfemía Klemensdóttir |
| 10. Agúst Jónsson | —"— | 3 | 80. | .. | —"— —"— —"— Olafar Hinriksdóttir |
| 11. Ingibjörg Jónsdóttir | —"— | 2 | 100. | oo | —"— —"— —"— —"— —"— |
| 12 Karl Vilhjálmur Guðbrandsson | Skilg: | 2 | 80 | .. | frammfærslu hr föðursins Guðbrands Jónssonar |
| 13. Bergitta Guðbrandsdóttir | —"— | 3. | 75 | .. | —"— —"— —"— —"— —"— |
| 14. Óskar Guðbrandsson | —"— | 5. | 67 | 08. | —"— —"— —"— —"— —"— |
| 15. Anna Þorleifsdóttir | | 77. | 60 | .. | fæðingar hr: |
| 16 Magnús Guðmundsson | | 67 | 150 | .. | frammfærslu hr: |
| 17. Guðrún Sigurðardóttir | | 74. | 50 | .. | fæðingar hr: |
| 18. Steingrímur Oddsson | | 69 | 40 | .. | —"— —"— |
| 19. Kristín Pjetursdóttir | | 71 | 60 | .. | frammfærslu hr. |
| 20 Magnús Hardarson | | 49 | 60 | .. | fæðingar hr: |
| 21. Steinun Skram | | 69. | 155 | 06 | frammfærslu hr: mans hennar Jóns Oddssonar |
| 22 Ólöf Hinriksdóttir | | 32. | 25 | oo | fæðingar hr: |
| 23. Guðní Einarsdóttir | | 35 | 389 | 76 | —"— —"— umgángs ómagi |
| | kr | " | 1986 | 90 | |
| Innborgaðar | — | " | 233 | 56 | |
| Verða þá eptir | kr | " | 1753 | 34. | 27. hlóti af kr 1753,34. verða 64 kr 94 au |
| Refaveiða kostnaður | | kr | 54. | 50. | 1/3 af kr. 54,50. - - - 18 kr 17 au |

Tillag Reikjavíkur bæjar
til fátækrasjóðs Seltjarnarneshrepps fardaga árið 1904–05 kr. 65,96.
Refaveiða kostnaður með meiru sama ár . . . . — 15,63.
Tillag Reikjavíkur bæjar fardaga árið 1905–06. . . — 64,94
Refaveiða kostnaður sama ár . . . . . . — 18,17.

Samtals kr 164,70

Seltjarnarneshreppi 25 janúar 1907

P. Sigurdsson Bjarni Magnússon

Þórarinn Arnason

Til

bæjarstjórnarinnar í Reikjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

yfir meðgjöf með þurfamönnum Seltjarnarneshrepps fardagaárið 1903-04

| | a/ til munaðarlausra barna undir 16 ára | aldur | kr | aur | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Guðrún Sigurðard. óskilg. | 10 | 70 | " | framfærsluhr. móðurinnar Guðrúnar Sæmundsd. |
| 2. | Alexander S. Sigurðsson — " — | 10 | 12 | " | fæðingarhr. móðurinnar Sigríðar Jóhannsd. |
| 3. | Jóhann Eyríksson — " — | 10 | 60 | " | — " — " Guðrúnar Þorsteinsd. |
| 4. | Eyjólfur M. Grímsson óskilg. | 9 | 65 | " | — " föðursins Gríms Gunnlaugsson |
| 5. | Jónína Þórhallad. óskg | 12 | 60 | " | — " móðurinnar Pálínu Jónsdóttur |
| 6. | Kristinn Ó. Guðmundss. — " — | 4 | 80 | " | — " — " Efemíu Klemensd. |
| 7. | Vilhelmína Tómasd. — " — | 5 | 60 | " | — " — " Ragnheiðar Steindórsd. |
| 8. | Kristín Tómasd. — " — | 5 | 70 | " | — " — " — " — " |
| 9. | Lilja Jónasdóttir — " — | 9 | 60 | " | — " — " — " — " |
| 10. | Grímur Theodór Grímsson óskilg | 14 | 50 | " | framfærsluhr. móðurinnar Theodóru Guðmundsd. |
| 11. | Margrét Grímsdóttir — " — | 9 | 60 | " | — " — " — " — |
| 12. | Málfr. Mínerva Þorsteinsd. ósk. | 8 | 45 | " | — " — " — " — |
| 13. | Helga Bjarnadóttir óskilg | 13 | 60 | " | — " — " Soffíu Ólafsdóttur |
| 14. | Guðrún Guðbrandsd. óskilg | 1 | 80 | " | fæðingarhr. — " Efemía Klemensd. |
| 15. | Ásgeir Jónsson — " — | 1 | 80 | " | — " — " Ólöf Hinriksdóttir |
| 16. | Karl. V. Guðbrandss. óskilg | 1 | 29 | 20 | — " föðursins Guðbrandar Jónssonar |
| 17. | Birgitta Guðbr. d. — " — | 2 | 56 | 25 | — " — " — " — " |
| 18. | Óskar Guðbrandss. — " — | 4 | 52 | 50 | — " — " — " — " |
| | b/ til þurfamanna | | | | eldri en 16 ára |
| 19. | Guðrún Jónsdóttir | 90 | 50 | " | dvalarhrepps |
| 20. | Anna Þorláksdóttir | 75 | 50 | " | fæðingarhrepps |
| 21. | Magnús Guðmundsson | 65 | 120 | " | dvalarhrepps |
| 22. | Guðrún Sigurðardóttir | 72 | 50 | " | fæðingarhrepps |
| 23. | Ólöf Hinriksdóttir | 30 | 20 | " | — " — |
| 24. | Steingrímur Oddsson | 69 | 35 | " | — " — |
| 25. | Kristín Pétursdóttir | 70 | 90 | " | framfærsluhrepps |
| 26. | Stefanía Skram | | 101 | 64 | fæðingarhr. mannsins hennar Jóns Oddssonar |
| 27. | Sigríður Ólafsdóttir | 53 | 20 | | — " — " Gríms Gunnl.sonar |
| 28. | Eyjólfur Einarsson | 54 | 50 | " | fæðingarhrepps |
| 29. | Magnús Harðarson | 47 | 28 | " | — " — |
| | | | 1664, | 59 | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Aldur | Kr | aur | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Flutt krónur | | 1664 | 59 | |
| 30 | Theodóra Guðmundsdóttir | 38 | 90 | 20 | fæðingarhr. mannsins Guðm. Jónsson |
| 31 | Páll Pálsson | 62 | 84 | 80 | framfærsluhreppur |
| 32 | Guðný Einarsdóttir | 33 | 384 | 78 | fæðingarhreppur |
| | Samtals krónur | | 2224 | 37 | |
| | Innborgað | | 456 | - | |
| | eftir verða krónur | | 1,768, | 37 | |

Af ofangreindri upphæð 1768 Kr 37 aur
borgar Reykjavíkurbær 1/27 hluta sem verða 65 krónur 50 aurar

Seltjarnarneshreppi 1. marz 1905
Guðm. Ólafsson Ingjaldur Sigurðsson
Bjarni Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*útdráttur*

# Ómagar Seltjarnarneshrepps fardaga árið 1896–97 og meðlag með þeim

| № | | aldur | Kr | ar |
|---|---|---|---|---|
| | a, til munaðarlausra barna undir 16 ár | | | |
| 1 | Guðrún Eiðsdóttir Mýrarhúsaskóla | 11 | 60 | " |
| 2 | Ingibjörg Guðjónsdóttir Skildinganesi | 9 | 60 | " |
| 3 | Gunnlaugur Grímsson Hrólfskála | 13 | 50 | " |
| 4 | Halldór Pálmason Skildinganesi | 12 | 96 | " |
| 5 | Guðrún Sigurðardóttir Lambastöðum | 3 | 80 | " |
| 6 | Alexander Georg Sigurðsson Brekku | 3 | 70 | " |
| 7 | Jóhann Eyríksson Brúarenda | 3 | 70 | " |
| 8 | Guðmundur Grímsson Engey | 7 | 60 | " |
| 9 | Þorlaug Eyjólfsdóttir (Nauthól) Nýjabæ | 12 | 50 | " |
| 10 | Ólafur Grímsson Toftum Rvk | 12 | 20 | " |
| 11 | Eyjólfur Markús Grímsson Rvk. | 2 | 70 | " |
| 12 | Margrjet Ólafsdóttir Korpólfsstöðum | 12 | 30 | " |
| 13 | Sigríður Pjetursdóttir Andkolsstöðum | 12 | 30 | " |
| | b. til þurfamanna eldri en 16 ára og ómagaþeirra | | | " |
| 1 | Guðrún Jónsdóttir Bollagörðum | 83 | 50 | " |
| 2 | Haukur Guðmundsson Vatnsenda | 69 | 100 | " |
| 3 | Pétur Guðmundsson Hrólfskála | 60 | 90 | " |
| 4 | Anna Þorleiksdóttir Viðey | 68 | 30 | " |
| 5 | Magnús Guðmundsson | | 100 | " |
| 6 | Sigríður Ólafsdóttir Tóttum | | 65 | " |
| 7 | Sigríður Þórðardóttir Reykjavík | | 60 | " |
| 8 | Eyjólfur Símonarson Nauthól | | 70 | |
| 9 | Steinunn Skram í Garði | | 10 | " |
| 10 | Guðmundur Magnússon Skildinganesi | | 20 | " |
| 11 | Magnús Magnússon Kaupmannahöfn | | 96 | " |
| 12 | Guðný Einarsdóttir (umgangsómagi) | | 365 | |
| | | | 1812 | " |
| | Innborgað með ofannefndum ómögum | | 130 | " |
| | eftir verða Kr | | 1682 | " |

Seltjarnarneshrepp 29 mars 1900

Ingjaldur Sigurðsson. Guðmundur Ólafsson

Runólfur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útdráttur

Ómagar Seltjarnarneshrepps fardagaárið 1897–98
og meðlag með þeim þannig ákveðin

| No | a, til munaðarlausra barna undir 16 ára | Aldur | Kr | ar |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Guðrún Eiðsdóttir Láholti | 12 | 60 | " |
| 2 | Ingibjörg Guðjónsdóttir Skildinganesi | 10 | 60 | " |
| 3 | Haldór Pálmason samabæ | 13 | 96 | " |
| 4 | Guðrún Sigurðardóttir Lambastöðum | 4 | 80 | " |
| 5 | Alexander Georg Sigurðsson Bakka | 4 | 70 | " |
| 6 | Jóhann Eyríksson Brúarenda | 4 | 70 | " |
| 7 | Guðmundur Grímsson Engey | 8 | 60 | " |
| 8 | Þorlaug Eyjólfsdóttir Tóttum | 13 | 60 | " |
| 9 | Eyjólfur Markús Grímsson Nesi | 3 | 80 | " |
| 10 | Ólafur Grímsson Móakoti | 13 | 25 | " |
| 11 | Margrjet Ólafsdóttir Korpólfsstöðum | 13 | 30 | " |
| 12 | Sigríður Pjetursdóttir Árdkolsstöðum | 13 | 30 | " |
| | b. Til þurfamanna eldri en 16 ára og ómaga þeirra | | | |
| 1 | Guðrún Jónsdóttir Bollagörðum | 84 | 60 | " |
| 2 | Haukur Guðmundsson Ámarnesi | 70 | 170 | " |
| 3 | Pjetur Guðmundsson Hrólfskála | 61 | 80 | " |
| 4 | Anna Þorleiksdóttir Viðey | 69 | 40 | " |
| 5 | Magnús Guðmundsson Bústöðum | | 100 | " |
| 6 | Sigríður Ólafsdóttir Reykjavík | | 60 | " |
| 7 | Sigríður Þórðardóttir Reykjavík | | 60 | " |
| 8 | Eyjólfur Símonarson Draathól | | 70 | " |
| 9 | Steinun Skram í Görðunum | | 41 | " |
| 10 | Eiður Guðmundsson Reykjavík | | 64 | 28 |
| 11 | Guðný Einarsdóttir (umgangsómagi) | | 365 | " |
| | | | 1831 | 28 |
| | Inn borgað með ofanskrifuðum ómögum | | 110 | " |
| | samtals Kr | | 1721 | 28 |

hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps 29 mars 1900

Ingjaldur Sigurðsson Guðmundur Ólafsson
Runólfur Ólafsson

27) 1721
162
101
189
(63,74

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útdráttur

Ómagar Seltjarnarneshrepps fardaga árið 1898–99
og meðlög með þeim þannig ákveðin

| Nº | a. Til munaðarlausra barna undir 16 ára | aldur | Kr | ar |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Jóhann Eyríksson Bruárenda | 5 | 70 | |
| 2 | Guðrún Eiðsdóttir Birtingaholti | 13 | 60 | |
| 3 | Guðmundur Grímsson Engey | 9 | 60 | |
| 4 | Ingibjörg Guðjónsdóttir Skildinganesi | 11 | 60 | |
| 5 | Alexander Georg Sigurðsson Brekku | 5 | 70 | |
| 6 | Eyjólfur Markús Grímsson Nesi | 4 | 80 | |
| 7 | Guðrún Sigurðardóttir Lambastöðum | 5 | 80 | |
| 8 | Haldor Palmason Þormóðsstöðum | 14 | 96 | |
| 9 | Margrjet Olafsdóttir Korpólfsstöðum | 14 | 30 | |
| 10 | Þórlaug Eyjólfsdóttir Skaptholti | 14 | 60 | |
| 11 | Sigríður Pjetursdóttir Andkolsstöðum | 14 | 30 | |
| | b. Til þurfamanna eldri en 16 ára og ómaga þeirra | | | |
| 1 | Guðrún Jónsdóttir Bollagörðum | 85 | 60 | |
| 2 | Haukur Guðmundsson Arnarnesi | 71 | 170 | |
| 3 | Anna Þorleiksdóttir Viðey | 70 | 50 | |
| 4 | Magnús Guðmundsson Bústöðum | | 100 | |
| 5 | Sigríður Þórðardóttir Reykjavík | | 61 | |
| 6 | Sigríður Olafsdóttir Reykjavík | | 30 | |
| 7 | Steinunn Skram Hlíð í Garði | | 57 | |
| 8 | Eiður Guðmundsson Engey | | 119 | 12 |
| 9 | Eyjólfur Símonarson Nauthól | | 78 | 35 |
| 10 | Guðný Einarsdóttir Breiðabolstöðum | | 13 | 34 |
| 11 | Þorkjell Guðmundsson Karavík | | 55 | " |
| 12 | Steingrímur Oddsson Nýborg | | 20 | " |
| 13 | Guðný Einarsdóttir (umgangsómagi) | | 365 | " |
| | | | 1894 | 81 |
| | Innborgað með ofanskrifuðum ómögum | | 40 | " |
| | samtals Kr | | 1854 | 81 |

hreppsnefnd Seltjarnarneshr. 29 mars 1900

Ingjaldur Sigurðsson Guðmundur Ólafsson

Runólfur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Málaleitan yðar, herra héraðslæknir, um það fyrir hvaða verð Áburðarfélag Reykjavíkur vildi taka að sér að láta hreinsa úr salernunum hér í bænum, höfum vér tekið til rækilegrar íhugunar.

Fyrst viljum vér taka það fram, að vér álítum þægilegra, sérstaklega hvað reikningsfærslu snertir, að gjald frá hverju heimili sé miðað við árið, og álítum vér að á hverju meðalheimili þurfi að hreinsa vikulega. Vér sjáum fram á að gjaldið megi nokkuð miða við það hvort margir eða fáir vilja nota vinnumann Áburðarfélagsins, en ekki er hægt að sjá það fyrir hve margir þeir verða. Höfum vér því samþykt að gjöra eftirfarandi tilboð:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fyrir | 200 sal. | borgist | 12 kr. | fyrir hvert um árið. |
| — | 300 — | — | 11 — | — — — — |
| — | 400 — | — | 10 — | — — — — |
| — | 500 — | — | 9 — | — — — — |
| — | 600 — | — | 8 — | — — — — |

Eins og áður er sagt er með þessu verði gengið út frá vikulegri hreinsun, en með því ganga má út frá að það verði misjafnt hve oft þess þarf með viljum vér miða gjaldið við það hlutfallslega, en semja skal þá um það fyrirfram við Áburðarfélagið.

Í annan stað hafið þér óskt þess að vér komum fram með tilboð um það fyrir hvaða verð vér vildum láta hreinsa sorp frá húsum þar sem því væri safnað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í sorpkistur sem heilbrigdisnefndin hafi í huga ad innleida hér.

Vér álítum ad frá hverju medal heimili þurfi ad hreinsa hálfsmánadarlega og þykir oss því hæfilegt og höfum samþykt, ad félagid taki slíkt ad sér fyrir 3,50 kr. árgjald af heimili. Fyrir tíðari eda sjaldnari hreinsun en hálfsmánadarlega, borgist hlutfallslega meira eda minna og skal samid um þad fyrir fram vid félagid.

Bædi tilbodin, ad því er salernin og sorpid snertir, eru bundin því skilyrdi, ad bæjarstjórn eda heilbrigdisnefnd sjái fyrir innheimtu gjaldsins.

Í þridja lagi höfum vér eftir tilmælum ydar athugad hve mikid Áburdarfélagid vildi hafa til ad láta hreinsa bæjarsalernid. Vér álítum rétt ad setja þad í samband vid ad hreinsa slóg úr fjörunni á svædinu þar í kring og höfum vér ákvedid ad fyrir 50 kr. gjald um árid skyldi félagid láta hreinsa salernid og slóg úr fjörunni ~~í svædinu þar í kring~~ frá Bryde-verzlun og austur ad læk, þó skal slóginu safnad í kassa, félaginu ad kostnadarlausu.

Reykjavík 6. maí 1905

Tryggvi Gunnarsson
formadur,
fyrir hönd stjórnar fél.

Til

herra héradslæknis Gudmundar Björnssonar

R. af Dbr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útdráttur úr fundabók Áburðarfjelagsins í Rkv.

" Árið 1905 – 14 april, hafði stjórn Áburðarfjelagsins fund. "

Áskorun hafði komið frá hjeraðslækni Guðm. Björnssyni um, að Áburðarfjelagið gjörði tilboð, fyrir hvaða verð það vildi hreinsa salerni bæjarmanna, ef bæjarstjórnin tæki að sjer hreinsunina, og afhenti hana svo Áburðarfjelaginu. Stjórnin kom sjer svo saman um, að gjöra eftirfarandi tilboð, fyrir árs hreinsun fyrir 200 sæti 12 kr. en ef þau yrðu fleyri yfir árið þá 11 kr. fyrir 300 sæti, 10 kr – 400 sæti, 9 kr. 500 sæti, 8 kr. – 600 sæti. —

Fyrir þetta verð var gengið út frá að hreinsa vikulega, en þær sem oftar eða sjaldnar þyrfti að láta hreinsa, yrðu að semja um það við stjórn fjel., sem þá drægi frá eða bætti við hlutfallslega við kostnaðinn. Bæjarstjórnin innheimti gjaldið, og smiði og viðhald á kollum sje fjelaginu óviðkomandi. —

– " – " – " –

Árið 1905 – 5 maí hjelt stjórnin Áburðarfjelagsins fund, til að ræða um, með hvaða kjörum fjelagið gæti tekið að sjer að hreinsa fyrirhugaðar sorpkistur hjer í bænum; og kom hún sjer saman um, að bjóða að hreinsa þær á hverjum hálfum mán. fyrir 3,50 a. yfir árið, og svo tiltölulega meira eða minna ef oftar eða sjaldnar þyrfti að hreinsa. Tilboðið er þó bundið því skilyrði, að bæjarstjórnin sjái um innheimtu gjaldsins. —

Einnig vildi fjelagsstjórnin bjóðast til að láta hreinsa bæjarkamarinn og slóg úr fjörunni frá Brydebryggju austur að læk, sje því safnað í kassa fjelaginu kostnaðarlaust – fyrir 50 kr um árið.

– " – " – " –

Af tilboði því sem fjelagsstjórnin sendi er ekkert uppkast til, en það mun hafa verið samhljóða ofanskrifuðu. —

Tryggvi Gunnarsson
formaður fjelagsins –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Islands Landsbank.

Reykjavík d. .......................189

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggingarnefndarmál

Keyptar lóðir

Seldar –

Matsgjörðir

Vegamál

Lóðir fallnar til bæjarins

~~Hafnarnefndarmál~~

Baðhúsmál

~~Raflýsingarmál~~

Kaup á Goodtemplarahúsi

Raflýsingarmál

© Borgarskjalasafn Reykjaví

© Borgarskjalasafn Rey

Af Vídalínsblettinum verður tekið undir veg frá Laufásvegi að Fríkirkjulóðinni: 207 □ álnir. —

Af Jónassens túni 147 □ ál.

Af Sig. Th. túni 101 □ ál. — (og fer 9 □ ál. af Vídalínsbletti). —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af lóð Marteins Finnbogasonar
hefur verið tekið sumarið 1904:
undir Hverfisgötu 855 □ ál.
þríhyrningurinn fyrir
norðan götuna er . —— 67 □ ál.
= 922 □ ál.

Rvík 8. apr. 1905

Sig. Thoroddsen

922
377
1269.00

66.00
32.00
80.00
8.00
48.00
234.00
28.27
12.00
274.27

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Breytingartillaga (við kosningarrjett)

hver sá, sem geldur til bæjarsjóðs lögboðin gjöld, hefur kosningarrjett enda uppfylli hann hin venjulegu skilyrði í þessu efni.

eru í sjálfst. stöðu og
ef þeir hafa greitt útsvar eða lóðargjald í bæjarsj. árið næst á undan því er kosning fer fram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Pontukotslóð.

Guðm. Guðmundsson fær 516 ferálnir.
Eptir verða 395 ferálnir.







Reykjavík 15. sept. 1904.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útskrift




K. Zimsen
ingeniør

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

70 a

Ef bein lína er dregin frá húsi Kristófers Sigurðssonar að húsi Sveins Sveinssonar, þá verða 11 □ al. af bæjarins lóð innan þeirrar línu, en 37 □ al. af lóð Sveins Sveinssonar fyrir utan hana.

Reykjavík 29. júní 1903

Guðmundur Jakobsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur